



Reglugerð um kjör íþróttakonu og íþróttakarls Árborgar

1.gr.

Íþróttá- og tómsbundanefnd skal í umboði bæjarstjórnar Árborgar standa fyrir kjöri og útnefningu íþróttakonu og íþróttakarls Árborgar í desembermánuði ár hvert.

2.gr.

Tilgangur viðurkenninganna er að hvetja til heilbrigðs og öflugs íþróttastarfs í Árborg.

3.gr.

Hlutgengi í kjörinu hefur allt íþróttafólk sem er í íþróttafélögum í Árborg. Óska skal eftir tilnefningum frá hverju félagi eða einstaka deild innan þess og skulu félög / deildir tilnefna eina konu og einn karl sé þess kostur.

4.gr.

Tilnefningum frá félögum / deildum, ásamt greinargerð með upplýsingum um árangur hins tilnefnda íþróttafólks, skal skila til íþróttá- og tómsbundanefndar fyrir 9. desember ár hvert.

5.gr.

Rétt til að greiða atkvæði í kjöri um íþróttakonu og íþróttakarl Árborgar hafa eftirtaldir:

Bæjarstjórn Árborgar	9 atkvæði
Íþróttá- og tómsbundanefnd	5 atkvæði
Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss	1 atkvæði
Knattspyrnudeild Umf Selfoss	1 atkvæði
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Sunddeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Fimleikadeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Körfuknattleiksdeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Júdódeild Umf. Selfoss	1 atkvæði
Íþróttafélag FSu.	1 atkvæði
Hestamannafélagið Sleipnir	1 atkvæði
Íþróttafélagið Suðri	1 atkvæði
Golfklúbbur Selfoss	1 atkvæði
Ungmennafélag Stokkseyrar	1 atkvæði
Ungmennafélag Eyrarbakka	1 atkvæði
Knattspyrnufélag Árborgar	1 atkvæði
Mótorkrossfélag Árborgar	1 atkvæði
Bæjarstjóri Árborgar	1 atkvæði
Framkvæmdastjóri Fjölskyldumiðstöðvar	1 atkvæði
Verkefnisstjóri íþróttamála	1 atkvæði
Fjölmiðlar	3 atkvæði
Samtals	36 atkvæði

Þar sem einstaklingar fara með atkvæði stöðu sinnar vegna getur hver einstaklingur aðeins haft eitt atkvæði.

Á hvern kjörseðil skal raða annarsvegar þremur körlum og hinsvegar þremur konum í sæti þannig að fyrsta sætið gefi 10 stig, annað sæti gefi 7 stig og þriðja sæti gefi 5 stig. Síðan er það samanlagður stigafjöldi þess karls og þeirrar konu sem flest stig fá sem ræður úrslitum um hvaða íþróttakona og íþróttakarl sigra í kjörinu.

6.gr.

Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar til hlutaðeigandi sbr. 5. gr. ásamt kjörseðli fyrir 12. desember ár hvert. Kjörseðli skal skilað til íþróttá- og tómstundaneftndar fyrir 19. desember í lokuðu umslagi merkt íþróttakona og íþróttakarl Árborgar.

7.gr.

Viðurkenningar fyrir sæmdarheitin íþróttakona og íþróttakarl Árborgar eru afhentar í árlegu hófi bæjarstjórnar Árborgar og íþróttá- og tómstundaneftndar Árborgar sem haldið skal í desember ár hvert.

8.gr.

Styrkjum og öðrum viðurkenningum íþróttá- og tómstundaneftndar til íþróttafélaga og afreksfólks skal úthlutað á sama tíma.

Samþykkt í Íþróttá- og tómstundaneftnd Árborgar